

Athugun á stoð- og stuðningsþjónustureglum sveitarfélaga

Frumkvæðiseftirlit Gæða- og eftirlitsstofnunar velferðarmála

Óskað er eftir því að sveitarfélagið svari meðfylgjandi spurningalista Gæða- og eftirlitsstofnunar velferðarmála (GEV). Spurningalistinn snýr að reglum um stoð- og stuðningsþjónustu sem sveitarfélögum er annars vegar skylt og hins vegar heimilt að setja samkvæmt lögum nr. 40/1991 um félagsþjónustu sveitarfélaga og lögum nr. 38/2018 um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir.

Leiðbeiningar við svörun spurningalista

- Vinsamlegast skráið nafn sveitarfélagsins, tengilið og dagsetningu á viðeigandi stað efst í skjalið.
- Setjið því næst X í viðeigandi reiti í töflunni.
- Ef reglur eru til staðar skal sett X við *Já* og dagsetning gildistöku skráð í næsta dálk. Athugið að skrá skal dagsetningu nýjustu útgáfu reglna.
- Séu reglur ekki til staðar skal sett X við *Nei* og tilgreint í athugasemdadálki hvort reglur eru í vinnslu og hvenær vænta má þess að þær verði gefnar út.
- Ef einhverjar af reglunum hafa verið sameinaðar (t.d. reglur um stoð- og stuðningsþjónustu) skal engu að síður svara spurningalistanum eins og um aðskildar reglur sé að ræða. Heiti sameinaðra reglna skal skráð í athugasemdadálk.

Vinsamlegast skilið útfylltum spurningalista rafrænt og sendið sem viðhengi, ásamt öllum útgefnum reglum sveitarfélagsins um stoð- og stuðningsþjónustu, eigi síðar en 22. mars nk. á tölvupóstfangið: svanhildur.thorsteinsdottir@gev.is.

Athugun á stoð- og stuðningsþjónustureglum sveitarfélaga

Frumkvæðiseftirlit Gæða- og eftirlitsstofnunar velferðarmála

Dagsetning:	6.3.2024
Nafn sveitarfélags:	Kópavogsbær
Tengiliður sveitarfélags (nafn og netfang):	Jóhanna Lilja Ólafsdóttir johannailja@kopavogur.is Kristín Þyri Þorsteinsdóttir kristinthyri@kopavogur.is

Vinsamlegast setjið X í viðeigandi reiti

	Já	Dagsetning gildistöku nýjustu útgáfu	Nei	Athugasemd
Reglur um notendasamninga <i>sbr. lög nr. 38/2018, 3. mgr. 10. gr. og lög nr. 40/1991, 2. mgr. 28. gr.</i>			X	Eru í vinnslu og stefnt á útgáfu þeirra fyrir árslok 2024.
Reglur um notendastýrða persónulega aðstoð (NPA) <i>sbr. lög nr. 38/2018, 5. mgr. 11.gr.</i>	X	22.6.21		
Reglur um frístundaþjónustu <i>sbr. lög nr. 38/2018, 2. mgr. 16. gr.</i>	X	7.9.21		
Reglur um stuðningsfjölskyldur <i>sbr. lög nr. 38/2018, 2. mgr. 15. gr.</i>	X	23.3.21		Ákvæði um stuðningsfjölskyldur eru innan reglna um stuðning við börn og fjölskyldur.
Reglur um styrki vegna félagslegrar hæfingar og endurhæfingar <i>sbr. lög nr. 38/2018, 2. mgr. 25. gr.</i>	X	22.12.20		
Reglur um akstursþjónustu <i>sbr. lög nr. 40/1991, 3. mgr. 29.gr.</i>	X	30.9.19		
Reglur um stuðningsþjónustu <i>sbr. lög nr. 40/1991, 3. mgr. 26.gr.</i>	X	13.2.24		
Reglur um stoðþjónustu <i>sbr. lög nr. 38/2018, 8. gr.</i>	X	13.2.24		
Aðrar reglur um stoð- og stuðningsþjónustu <i>skráið heiti reglna hér:</i>				
Reglur um stuðning við börn og fjölskyldur	X	23.3.21		Tekur til stuðnings- og stoðþjónustu til barna og fjölskyldna.

Mat á stuðningsþörf

Með vísan til neðangreindra lagagreina og leiðbeininga snúa eftirfarandi spurningar að því hvort sveitarfélagið hafi skilgreint í reglum sínum og/eða verklagi hvernig mat á stuðningsþörf fer fram.

3. mgr. 2. gr. laga nr. 38/2018 um stuðningsþarfir:

„Við mat á stuðningsþörfum er stuðst við samræmdar aðferðir.“

1. mgr. 27. gr. laga nr. 40/1991:

„Áður en aðstoð er veitt skal sá aðili sem fer með stuðningsþjónustu meta þörf í hverju einstöku tilviki“

Leiðbeiningar fyrir sveitarfélög um stuðningsþjónustu samkvæmt lögum nr. 40/1991, 3. gr.

„Áður en aðstoð er veitt skal meta þörf fyrir stuðning í hverju einstöku tilviki. Mat á stuðningsþörf skal vera unnið í samvinnu við umsækjanda enda sé mat á þjónustu skilgreint sem upphaf að skilvirku notendasamráði. Mat á stuðningsþörf skal vera samræmt í sveitarfélaginu og skýrt með hvaða hætti stuðningsþörf er metin.“

	Já	Nei
Er til staðar skilgreint og samræmt verklag við mat á stuðningsþörf?	X	
Tilgreinið þær matsaðferðir sem notast er við þegar stuðningsþörf er metin		
Í reglum um stuðning við börn og fjölskyldur, reglum um stuðningsþjónustu og reglum um stoðþjónustu er tilgreint í fylgiskjali til hvaða þátta skuli horft þegar gert er mat á stuðningsþörfum. Í þeim tilvikum sem SIS mat liggur fyrir hjá fötluðu fólki er það tekið inní heildstæða matið. Hjá eldra fólki sem sækir um stuðningsþjónustu nýtum við einnig RAI mat (Inter Resident Assessment Instrument-Home Care) sem hluta að heildstæðu mati.		

Athugasemdir

Skráið hér athugasemdir ef einhverjar eru